

## AUGLÝSING um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Reitur 1.174.0, Landsbankareitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 28. janúar 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, sem afmarkast af Vitastíg, Hverfisgötu, Barónsstíg og Laugavegi. Breytingin nær til allra lóða á reitnum og umtalsverðar breytingar verða gerðar á lóðarmörkum og nýtingarhlutföllum. Markmið hennar er að styrkja húsavernd og götumyndir eldri húsa á vesturhluta reitsins ásamt því að vernda götumynd Laugavegar í meira mæli en nú er. Samhliða því er uppbygging randbyggðs íbúðarhúsnæðis heimil á miðbiki og austari hluta reitsins umhverfis inngarða. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skippholt 70.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. desember 2015, breytingu á deiliskipulagi Bólstaðarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 70 við Skippholt. Í breytingunni felst að heimilt verði að hækka bygginguna um eina inndregna hæð og innréttá íbúðir, breyta notkun 2. hæðar úr atvinnuhúsnæði í íbúðir, hækka nýtingarhlutfall, setja svalir/svalagang út fyrir útmörk byggingarreits á vesturhlíð byggingar ásamt því að staðsetja flóttastiga út fyrir byggingarreit, breyta fyrirkomulagi bílastæða og inn- og útkeyrslu á lóð o.fl. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Akurholt í Úlfarsfellslandi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 27. nóvember 2015, deiliskipulag fyrir Akurholt í Úlfarsfellslandi. Í tillögunni felst að skilmáli landnotkunar heimili rekstur gistskála í flokki II, veitingasölu og hestaleigu. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 3. mars 2016.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2016